



## FRÆÐSLUSKRIFSTOFA RAFIDNAÐARINS

### Upplýsingar vegna náms- og starfsþjálfunarsamninga Úr aðalnámskrá

#### **Nemendur sem innritast í sérnám til sveinsprófs í rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun þurfa að hafa lokið grunnnámi rafiðna.**

Nám til sveinsprófs í rafiðngreinum tekur að jafnaði 4 ár og skiptist í nám í skóla og starfsþjálfun á vinnustað. Um er að ræða tvenns konar skipulag :

1. Verknámsleið þar sem meðalnámstími í skóla er 7 annir að meðtöldu grunnnámi auk 24 vikna starfsþjálfunar.
2. Samningsbundið iðnnám þar sem meðalnámstími í skóla er 6 annir að meðtöldu grunnnámi auk 48 vikna starfsþjálfunar.

Í rafvirkjun og rafvélavirkjun er hægt að velja á milli námsleiða. Í rafveituvirkjun er aðeins um að ræða samningsbundið iðnnám og í rafeindavirkjun er námið eingöngu samkvæmt verknámsleið.

Hefja má vinnustaðanám eftir 2 annir í grundeildrafiðna. Einnig getur nemandi óskað eftir því að fá nám sitt metið inn á aðra námsbraut við tiltekinn skóla.

Eins og sést á framantöldu eru um tvær leiðir að velja:

1. Starfsþjálfunarsamning 24 vikur
2. Námsamning 48 vikur

Þegar sótt er um gerð Náms- eða Starfsþjálfunarsamnings þarf að skila með útfylltri umsókn eftirfarandi gögnum:

1. Ferilblaði úr skóla
2. Greiðslufirliti **“vegna námsamnings”** frá Lífeyrissjóð
3. Ljósriti af meistarábréfi viðkomandi meistara hafi meistari ekki gert námssamning áður.

### Sveinspróf

Sveinspróf eru haldin tvisvar á ári ef næg þátttaka fæst, í febrúar og júní og er skráning í prófin í nóvember og apríl.

Til þess að fá inngöngu í sveinspróf þarf tvennt til:

1. Burtfararskírteini af viðkomandi braut úr skóla
2. Uppfylltur náms- eða starfsþjálfunarsamningur

Nánari upplýsingar fást hjá:

Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins sjá [www.rafnam.is](http://www.rafnam.is) þar undir „Ýmis eyðublöð“

**Skoðið vefinn [www.rafbok.is](http://www.rafbok.is) kennslubækur fríar á vefnum**